

92

13. maí

20. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda einnig fyrir þau loftnet, sem kunna að hafa verið sett upp áður en reglugerð þessi er gefin út.

21. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

22. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 17. apríl 1926.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12, 20. okt. 1905 um ritsíma og talsíma o. fl. og lögum nr. 14, 14. júní 1929 um breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 82, 14. nóv. 1917 um rekstur loftskreytastöðva á Íslandi, og lög nr. 31, 7. maí 1928 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, til þess að öðlazzt þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1930.

Einar Árnason.

Vigfús Einarsson.

93

14. júní

REGLUGERÐ

um

Flugmálasjóð Íslands.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 17, 19. maí 1930 eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Þau ár, sem flugvélar eru notaðar til sildarleitar umhverfis Ísland, ber hverju skipi, sem veiðir sild með herpinót að gjalda í Flugmálasjóð Íslands 10 aura af hverju máli bræðslusildar og hverri tunnu saltaðrar sildar eða annarar verkaðrar sildar. Skal eitt mál bræðslusildar talið 135 kg. og skal það jafngilda einni tunnu saltaðrar sildar. Ákvæði þessi gilda um öll íslensk skip og öll önnur sildveiðiskip, ef veiði þeirra er verkuð eða á einhvern hátt unnið

úr henni á Íslandi eða í islenzkri landhelgi, lögð á land eða flutt á milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni.

93
14. júní

2. gr.

Hlutaðeigandi lögreglustjórar innheimta gjöld þau, sem um ræðir í 1. gr., og ber þeim að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu þau jafn-óðum og þau innheimtast, en endanleg skil fyrir gjöldunum ber að gera fyrir októbermánaðarlok og ber þá að senda ráðuneytinu eftirstöðvar gjaldanna ásamt reikningsskilum og fylgiskjöllum.

3. gr.

Nú kemur veiðiskip með afla sinn í höfn og ber þá skipstjóra að gefa lögreglustjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um veiði sína. Ber um leið að greiða umrætt gjald og má ekki afgreiða skipið úr höfn fyrr en gjaldið er greitt eða trygging sett fyrir greiðslu þess. Skipstjórum sildveiðiskipa, sem verka sild sína utan hafna, er skylt að gefa lögreglustjóra þar sem þau koma fyrst í höfn eða umboðsmanni hans skýrslu um veiði sína og greiða gjald af henni. Komi skipið aldrei í höfn á sildveiðitímanum, verður skipstjóri í síðasta lagi að gefa skýrslu þessa að sildveiðunum loknum og greiða þá jafnframt gjaldið. Lögreglustjórum ber að hafa nákvæmt eftirlit með því, að fyrirmælum greinar þessarar sé hlýtt.

4. gr.

Sildareinkasölu ríkisins er skylt að halda eftir 10 aorum af andvirði hverrar tunnu saltaðrar sildar eða annarar verkaðrar sildar, sem hún annast sölu á, nema sannað sé fyrir henni, að gjaldið sé þegar greitt. Ber henni að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra í hver vikulok skil fyrir gjaldi því, er hún hefir innheimt, og greiða eftirstöðvar þess fyrir 15. október ár hvert. Ber henni þá jafnframt að senda lögreglustjóra skýrslu um veiði hvers skips. Sildareinkasalan skoðast sem umboðsmaður lögreglustjóra, þannig að skipstjóra sildveiðiskips er heimilt að gefa henni skýrslu þá, sem um ræðir í 3. gr., í stað lögreglustjóra.

Sildarverksmiðjum er skylt að aðstoða lögreglustjórana við innheimtu gjaldsins eftir því sem hægt er. Ber þeim, ef lögreglustjóri óskar þess, að halda eftir 10 aorum af kaupverði hvers sildarmáls, sem þær taka við til bræðslu. Stjórn eða eiganda verksmiðjunnar er skylt að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra í hver vikulok skýrslu um veiði hvers skips og þá greiða honum jafnframt gjald það, sem hefir verið haldið eftir af kaupverði sildarinnar.

5. gr.

Verja má $\frac{1}{10}$ hlutum af árstekjum Flugmálasjóðs til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til sildarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og sildarskipa, enda sé þá haldið uppi stöðugri sildarleit

93 með þar til hæfri flugvél frá 15. júní til 15. september það ár, sem um styrk úr 14. júní sjóðnum er að ræða. Þann $\frac{1}{10}$ hluta, sem ekki er notaður í framangreindu skyni, skal leggja í sjóð til eflingar flugferðum, og nefnist sá hluti sjóðsins Flugferðadeild Flugmálasjóðs.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og reikningshald, og skal ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikninginn skal árlega birta í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Umsóknir um styrk úr Flugmálasjóði, ber að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að loknum sildveiðitíma ár hvert, ásamt nauðsynlegum skilríkjum um notkun flugvéla til sildarleitar. Skal fylgja vottorð lögreglustjóra á þeim stað, þaðan sem flugvélinni er haldið úti til sildarleitar, um það, hversu lengi henni hafi verið haldið út.

Umsóknir um styrk úr Flugferðadeild ber sömuleiðis að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, ásamt upplýsingum um til hvers nota eigi styrkinn.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

94

28. ágúst

AUGLÝSING

um

breyting á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. augl. frá 13. ág. 1926.

Kaup það, sem ákveðið er fyrir fiskimatsmenn í 5. gr. erindisbréfs fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. auglýsingu frá 13. ágúst 1926, skal frá 1. september þ. á. vera 2 krónur um hverja klukkustund á virkum dögum, en á helgidögum 2 kr. og 50 aur. um klukkustund, hvort sem er við flokkun fiskjar, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað.